

## Efni

Umsögn Matís ohf. um tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu. Mál nr. 63/2023.

## Umsagnaraðili

Matís ohf., <https://matis.is/>

## Umsögn

Matís tekur fagnandi samráði um tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu. Hér að neðan er umsögn Matís um tillöguna.

Lífræn efni á Íslandi eru af mörgum gerðum og uppruna eins og kemur vel fram í skjali Eflu. Matís vill þó benda á að mögulega geti notkun hugtaksins “Lífræn efni” um hráefni nýtanleg sem jarðvegsbætir og áburður í landgræðslu og landbúnaði verið er fram líður misskilið og/eða ruglingslegt. Lagt er til að fremur verði notast við hugtakið “lífrjótanleg efni” í stað “lífræn efni” til að forðast tengingu við aðra notkun á hugtakinu lífrænt. Hugtakið “lífrjótanleg efni” nær jafnframt betur að kjarna við hvað er átt þegar rætt er um hráefni sem nýtanleg eru í landgræðslu og landbúnaði.

- **Bls 5. Málsgrein 4. „Áhrif á matvælaöryggi landsins“.** Hugtakavilla. Það að draga úr innflutningi á áburði og fóðri hefur ekkert að gera með matvælaöryggi. Hér er verið að tala um fæðuöryggi. Matvælaöryggi er að maturinn sé ekki öruggur til neyslu. Fæðuöryggi er að hafa aðgang að mat til að lifa af og nærast. Hugtakið matvælaöryggi á í sjálfu sér vel við víða í skýrslunni en á ekki við eins og það er ávarpað í þessari málsgrein.

Matvælaöryggi er megin ástæðan fyrir því að í aðgerðum (kafla 5) er lögð svo mikil áhersla á áhættumat, rannsóknir og mælingar. Á meðan við aukum nýtingu afurða, höldum lífrjótanlegum efnum inni í hringrásinni og sækjum minna af vatni yfir lækinn þá þarf á sama tíma að tryggja að matvælaöryggi sé ekki ógnað. Við getum aukið fæðuöryggi en á sama tíma dregið úr matvælaöryggi ef ekki er rétt haldið á spilunum. Það er gríðarlega mikilvægt að halda báðum þessum hugtökum á lofti í tengslum við umræðuna og halda því skýrt til haga að hvort tveggja þarf að vera í lagi.

- **Bls 12. 3.1. staða þekkingar.** Mikilvægt er í þessum kafla að telja upp allar þær starfsstöðvar sem vinna lífrjótanleg efni til nytja hér á landi. En á meðal þeirra fyrirtækja sem hafa náð góðum árangri í endurvinnslu lífrjótanlegra efna er m.a. Molta ehf. í Eyjafirði.
- **Bls. 12. 3.2 Staða nýtingar.** Óþarft er að aðskilja í upptalningu kjúklinga- og hæsnaskít enda af sömu skepnum, eðlilegast er að nefna þetta “alifuglaskít” eða “hæsnaskít” eins og gert er í töflu 1.
- **Bls 14. Tafla 1.** Kjötmjöl er ekki eingöngu nýtt til landgræðslu heldur einnig í landbúnaði þó um það gildi sérstakar reglur.
- **Bls 14. Tafla 1.** Er ekki vitað hvernig Melta er nýtt í dag? Þær upplýsingar vantar inn í töfluna. Inn í töfluna vantar einnig að nefna garðaúrgang. En talsvert fellur til að slíku hráefni ár hvert frá íbúum, fyrirtækjum, ríkisstofnunum og sveitarfélögum.

- **Bls 15. 3.3. forgangsröðun á nýtingu lífrænna efna.** Hér er talað um hliðarafurðir sláturhúsa og að það hráefni þyrfti meiri fyrirhöfn áður en hægt sé að auka nýtingu þess. Hliðarafurðir sláturhúsa er ekki einsleitt hráefni og skiptist upp í þrjá mismunandi áhættuflokka. Nýting hliðarafurða frá sláturhúsum er mjög mismunandi og sennilega verri eftir því sem framleiðslan er á minni skala. Það er ekki ljóst hvort um ræðir eingöngu tiltekinn áhættuflokk eða allar hliðarafurðir frá sláturhúsum án tillits til áhættuflokka. Hráefni úr áhættuflokki 3 er vel hægt að nýta með margvíslegu móti á meðan áhættuflokkur 1-2 þarf mest til að fara í brennslu samkvæmt núverandi reglugerðum. Einnig þyrfti að útskýra myndina betur undir kafla 3.3. þar sem dálkar “núverandi nýting” og “magn sem ekki er nýtt” fjalla um það sama. Hvernig mengun er áætluð vantar einnig.
- **Bls 15. 3.3. Bokashi molta** er tilgreind sem eitt af þeim eignum sem auðveldast er að auka nýtingu á. Í raun er bokashi ein leið til að geyma/moltugera lífbrjótanleg efni. Eðlilegt væri í þessari upptalningu að sleppa bokashi og nefna í staðinn “moltuð efni”. Eðli og nýtingarmöguleikar moltunnar fer svo eftir framleiðsluferlinu sem og því hráefni sem notast er við í jarðgerðarferlinu.
- **Bls. 17. Mynd 1.** Í mynd 1 er tekið fyrir bokashi og svartvatn en bokashi framleiðsla er enn rannsóknarverkefni á afmörkuðum stað og söfnun á svartvatni er ennþá í mýflugumynd. Eðlilegast væri að taka fyrir þau efni sem eru til staðar núna og má því bæta liðum sem fjalla um moltu, garðaúrgang og því sem kallast K3 (meltu) frá sjókvíaeldi. Eins þyrfti sér dálk sem fjallar um áhættumat og/eða skipta upp liðnum “hliðarafurðir sláturhúsa” eftir áhættuflokkum en áhættuflokkur 1 og 2 má ekki nýta á meðan áhættuflokk 3 má nýta á margvíslegan hátt. Kjötmjöl fær góða einkunn í nýtingu en ekki mjög góða þótt það sé uppselt hjá orkugerðinni og kemur að lítið magn er ekki nýtt. Síðan fær Bokashi lélega nýtingu á meðan svartvatn fær góða nýtingu en hvorugt efnið er til staðar í dag, og því ekki skýrt hvernig flokkunin er ákvörðuð.
- **Bls 23. Síðasta málsgrein. Texti hljóðar svo:** “Ljóst er að það er áskorun fyrir Ísland að verða fullkomlega sjálfbært um innlendan áburð en þó er vel gerlegt að minnka hlutfall hans verulega á næstu árum með því að nýta betur þau næringarefni sem til falla í lífrænum eignum.” Ætti ekki að standa “minnka hlutfall innflutts tilbúins áburðar”. Við viljum væntanlega ekki minnka notkun á innlendum sjálfbærum áburði.
- **Bls 27. A.1 Áhættumat vegna bættrar nýtingar lífrænna efna.** Breyta þarf úr áhættumatsnefnd matvælaráðuneytisins í Áhættumatsnefnd á sviði matvæla, fódurs, áburðar og sáðvöru (ÁN). Gerum athugasemd við kostnaðaráætlun. Þar sem ekki er gert ráð fyrir í aðgerðarlið að framkvæmdar verði t.d. efnamælingar sem hluta af áhættumati ætti kostnaður ekki að vera yfir 50 milljónum (rautt) heldur væntanlega áætlað gult fyrir gegnumgangandi áhættumat. Fyrsta mat og kortlagning áður en hægt er að fara í A.3-D.1 væri grænt (undir 20 milljónum) og þyrfti að fara í sem allra fyrst til að tryggja hagkvæma framkvæmd seinni liða.
- **Bls 28. A.5. Skortur á upplýsingum um íslenskan jarðveg.** Eru þessar upplýsingar ekki mikið til staðar, sbr. t.d. Jörð hjá RML ofl, en safna þurfi þeim saman? Athugasemd við kostnaðaráætlun yfir 50 milljónir í þann lið (rautt) ef verkefnið er aðallega að safna saman upplýsingum sem eru til staðar.
- **Bls 29. A. 12. Fleiri orkugerðir og jarðgerðir víðar um land. Gera þarf þarfa- og fýsileikagreiningu á uppbyggingu orku- og/eða jarðgerða víða um land.** Hér má benda á tiltölulega nýtt minnisblað um ráðstöfun dýraleifa þ.m.t. um ábyrgð sveitastjórna og mögulegar úrvinnsluleiðir sem unnið var af Stefáni Gíslasyni hjá Environice fyrir Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi í mars 2023. Í þessu minnisblaði eru lagðar fram tillögur að mögulegu framtíðarfyrirkomulagi sem sjá má betur í umræddu plaggi og byrjar á blaðsíðu 39. Í þessu minnisblaði kemur einnig fram að Orkugerðin á suðurlandi hyggst tvöfalda framleiðslugetu sína á næstu árum sem er afar ánægjulegt því töluvert er til af hráefni til viðbótar í landinu sem þangað gæti farið inn með tilheyrandi verðmætasköpun.

- **Bls 25-33. Kafli 5. Aðgerðir.** Kanna, greina, athuga, þróa, yfirfara, taka saman og rannsaka er rauði þráðurinn gegnum allar tillögur aðgerða sem eru gríðarlega mikilvæg skref en mikilvægt að tryggja að greiningarnar verða svo að veruleika. Væri hægt að bæta inn aðgerðum sem leiða af sér raunverulegar afurðir?
- **Bls. 34. Kafli 6. Þriðja mágrein. Hugmynd um hvort finna mætti sveitarfélag eða fyrirtæki þar sem vilji er til að taka þátt í einskönar rannsóknarverkefni sem gengur út á að umbylta því sem snýr að myndun lífrænna efna hjá viðkomandi aðila. Yfirfæra svo þá reynslu yfir á önnur sveitarfélög/fyrirtæki.** Ef þessi hugmynd á að verða að veruleika hvað varðar sveitarfélög, þá þarf verulegt fjármagn að fylgja því samhliða. Sveitastjórnir landsins munu eiga erfitt með að rökstyðja mikla hækkun á gjaldskrár sorpurðunnar til íbúa vegna þátttöku í rannsóknarverkefni.

Við vonumst til að athugasemdir okkar geti stutt við aðgerðaáætlunina.

Fyrir hönd Matís,



Anna Kristín Daníelsdóttir

Aðstoðarforstjóri og Rannsókn- og nýsköpunarstjóri Matís ohf.